

Formaður Geðhjálpar er ósáttur við þjónustusamning milli Landspítala og Securitas

# „Fráleitt“ að öryggisverðir sitji yfir geðsjúkum

Eftir Hlyn Orra Stefánsson  
hlynur@24stundir.is

„Þetta er að mínu mati fráleitt og segir okkur að það sé ekki tekið á vandanum,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, um ákvörðun Landspítalans um að semja við Securitas um að öryggisverðir á vegum fyrirtækisins sitji yfir t.d. sjúklingum á geðdeild spítalans. „Við viljum sjá fagmenntað fólk í þessum störfum.“

Sveinn segir þetta staðfesta að forvörnum og eftirfylgni sé ekki sinnt sem skyldi og að skortur sé á að meðferðaraðilar hafi umsjón með meðferð fólks með geðrask-

## SAMIÐ UM YFIRSETU

- Landspítali og Securitas hafa skrifað undir þjónustusamning um yfirsetu.
- Öryggisverðirnir munu sitja yfir sjúklingum sem þurfa á stöðugri yfirsetu að halda.

anir á spítalanum.

„Ef menn telja að kalla þurfi á öryggisgæslu, spyr maður sig hvað valdi því að beita þurfi slíku neyðarúræði.“ Augljóst sé að ekki er gripið inn í fyrr en í óefni er komið.

Það getur haft slæm áhrif á bata fólks með geðraskanir að upplifa

að öryggisverðir eða löggæslumenn sinni yfirsetu, segir Sveinn. „Þetta er ógn sem geðsjúkir þurfa ekki á að halda.“

Hann segir þetta vera hluta af almennu viðhorfi í samfélaginu til fólks með geðraskanir. Dæmi séu um að lögreglubílar séu sendir á vettvang þegar beðið er um sjúkrahús fyrir geðsjúka, þótt ekkert tilefni sé til. „Ég lenti t.d. í því síðasta vetur að hringja á sjúkrahús, vegna þess að það var talið að maður hjá okkur hefði fótbrotnað, og sagði að þetta væri hjá Geðhjálp. Allt í einu birtist hér lögreglubíll. Það er náttúrulega fráleitt en segir manni ýmslegt.“



**Slæmt fyrir batann**  
Sveinn segir yfirsetu öryggisvarða geta verið slæma fyrir bata geðsjúkra.